

**Samkomulag milli Leikarafélags Íslands og Þjóðleikhússins um breytingar á  
Stofnanasamningi og Sérstöku samkomulagi frá 30. október 2006  
Gildir frá 1. janúar 2016 - 31. ágúst 2017**

**1. Ný launatafla tekur gildi 1. janúar 2016 og breytist 1. júní 2016 sem hér segir:**

	<b>01.01.16</b>	<b>01.01.16</b>	<b>01.06.16</b>	<b>01.06.16</b>
	Ifi.	taxti	Ifi.	taxti
<b>byrjunarlaun</b>	<b>611.072</b>	<b>406.449</b>	<b>611.070</b>	<b>408.385</b>
<b>eftir 1 ár í starfi</b>	<b>611.074</b>	<b>425.804</b>	<b>611.072</b>	<b>428.804</b>
<b>30-34 ára</b>	<b>611.075</b>	<b>435.481</b>	<b>611.073</b>	<b>439.013</b>
<b>35-39 ára</b>	<b>611.077</b>	<b>454.836</b>	<b>611.075</b>	<b>459.433</b>
<b>40-44 ára</b>	<b>611.087</b>	<b>477.578</b>	<b>611.077</b>	<b>479.852</b>
<b>45-49 ára</b>	<b>611.088</b>	<b>487.739</b>	<b>611.078</b>	<b>490.061</b>
<b>50-54 ára</b>	<b>611.098</b>	<b>512.126</b>	<b>611.088</b>	<b>514.565</b>
<b>55 ára og eldri</b>	<b>611.108</b>	<b>537.732</b>	<b>611.098</b>	<b>540.293</b>

**2. Mánaðarleg vinnuskylda leikara verður sem hér segir:**

Dagvinna leikara skal unnin á tímabilinu 09:00 til 17:00 frá mánudegi til föstudags.

Vinnuskylda leikara yngri en 30 ára er að meðaltali 168 klst. á mánuði.

Vinnuskylda leikara sem nær 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir er að meðaltali 166 klst. á mánuði.

Vinnuskylda leikara sem nær 38 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir er að meðaltali 163 klst. á mánuði.

Vinnuskylda verkefnaráðinna leikara er að meðaltali 162 klst á mánuði.

Uppgjörstími mánaðarlauna, yfirvinnu og sýningarlauna er 1 mánuður. Uppgjör mánaðarlauna miðast við almanaksmánuð, en uppgjör yfirvinnu og sýningarlauna miðast við 16. dag mánaðar til 15. dags mánaðarins næst á eftir.

Heimilt er með samkomulagi milli vinnuveitanda og leikara að greiða fyrir yfirvinnu með fríum á dagvinnutímabili.

**3. Sýningarlaun og álag fyrir stuttan fyrirvara**

Sýningarlaun verða kr. 7.200 fyrir sýningar í fullri lengd og kr. 4.000 fyrir sýningar, sem eru 1 klst eða minna í flutningi með leikhlei. Fyrir forsýningar skulu greidd 50% sýningarlaun.

Taki leikari að sér hlutverk með stuttum fyrirvara, t.d. vegna veikinda annars leikara, skal greiða honum álag. Greiðslan skal metin út frá hlutverkastærð og þeirri heimavinnu sem leikari þarf að vinna vegna þessa. Mat þetta er í höndum þjóðleikhússtjóra, leikstjóra og leikara og skal semja um álagsgreiðslu áður en verkið er unnið.

4. Orlof verður greitt á sýningarlaun frá og með 1. janúar 2016.

5. Allar álagsgreiðslur skv. kafla 1.6 í kjarasamningi Leikarafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs falla niður.

6. Heimavinna á æfingatíma verður 6 klst á viku og 10 klst fyrir mjög stór hlutverk.

*JK*  
*JM*

*BSJ*

7. Æfingar. Eftirfarandi setning fellur út úr 1. mgr. samkomulagskafla 4: „pó skal ekki æfa leikrit kl. 16:00 – 19:00 nema 3 af hverjum 4 leikurum í viðkomandi verki samþykki það.“

4.mgr. um kvöldæfingar í sama kafla falli út og þessi komi í hennar stað: Heimilar eru 8 kvöldæfingar á hverju verki innan vinnuskyldu. Þó mega vera 10 kvöldæfingar á fyrstu frumsýningarverkum leikársins á hverju sviði, þar af þrjár í lok undanfarandi leikárs.  
Kvöldæfingar umfram þessar 8 eða 10 greiðast með yfirvinnukaupi.

8. Sýningar. Eftirfarandi setning fellur út úr 2. mgr. samkomulagskafla 6: „Biðtími milli sýninga er greiddur skv. gr. 1.6.3. í kjarasamningi LÍ og Fjármálaráðherra.“

9. Bókun 1 – upphæð kr. 30.000 breytist í kr. 50.000.

10. 4. mgr. og 5. mgr. í kafla um tímabundna þætti í stofnanasamningi fellur niður, þ.e.: „Einnig skal meta til álags fjölda sýninga sem viðkomandi leikari leikur á einu leikári. Álagið greiðist frá þeim tíma sem tilteknum sýningafjölda er náð og út leikárið sem hér segir:

Eftir 60 leiksýningar fær leikari 2,5% álag á mánaðarlaunataxta út leikárið.

Eftir 75 leiksýningar hækkar það upp í 5% álag á mánaðarlaunataxta út leikárið

Eftir 90 sýningar hækkar það upp í 7,5% álag á mánaðarlaunataxta út leikárið.

Eftir 120 leiksýningar hækkar það upp í 12,5% álag á mánaðarlaunataxta út leikárið.

Sýningar á dagvinnutíma, sem standa skemur en 1 klst. skulu metnar á 60% af fullri sýningu við talningu sýningafjölda skv. ofangreindu og standi sýningar allt að 1 klst. og 30 mín, skulu þær metnar 80% af fullri sýningu við talningu sýningafjölda skv. ofangreindu. Sýningar sem sýndar eru á kvöldin eru metnar 100% í talningu óháð lengd.“

11. Semji leikarar hjá Leikfélagi Reykjavíkur ses um kjarabætur innan gildistíma þessa samkomulags (hækkan mánaðar- eða sýningarlauna), eru aðilar sammála um að það gefi tilefni til endurskoðunar á samkomulagi þessu með það að markmiði, að kjör leikara við Þjóðleikhúsið verði bætt samsvarandi.

Reykjavík, 18. desember 2015

F.h. Þjóðleikhússins

Ari Matthíasson  
Þjóðleikhússtjóri

F.h. Leikrafélags Íslands

Ólafur Egill Egilsson, formaður LÍ

Birna Hafstein, formaður FÍL

M.fv. um samþykki félagsfundar